

SIGRÚN JÓHANNESDÓTTIR

KENNSLUFRÆÐIMIÐSTÖÐ FA NÁMSKEIÐ – FRÆDSLUFUNDIR - RÁÐGJÖF – GAGNASAFN



Ingemar Svantesson, kennslufræðingur frá Svíþjóð, hélt fjölsótt námskeið um námsnálgun fullorðinna í maí 2006

Í þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið er m.a. kveðið á um að FA eigi að þróa aðferðir í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun með sérstakri áherslu á markhópinn og miðla sérfræðipækkingu með ráðgjöf og kennslu. Í almennum samningsskilmálum við samstarfsaðila okkar, sem eru símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni og Mímir – símenntun, er kveðið á um að framfylgt verði skilgreindum kennslufræðilegum kröfum sem FA þróar og/eða viðurkennir.

Til að sinna ofangreindum hlutverkum er starfsdeild innan FA sem nefnist kennslufræðimiðstöð. Á starfssviði hennar eru ýmis viðfangsefni á sviði kennslufræði fullorðinna sem felast í að þróa og halda kennslufræðinámskeið og fræðslufundi um málefni tengd fullorðinsfræðslu, að byggja upp gagnasafn og tengslanet sem nýtist við starfseminna og að byggja upp sérfræðipækkingu starfsfólks FA með þátttöku í ýmsum samstarfsverkefnum, ráðstefnum, námskeiðum og samstarfi við sérfræðingahóp frá KHÍ, HÍ og HA. Einnig hafa verið unnin gæðaviðmið um kennslu og framkvæmd námskeiða í fullorðinsfræðslu í samræmi við almenna samningsskilmála milli FA og samstarfsaðila.

Helstu verkefni kennslufræðimiðstöðvar til þessa hafa verið sérhönnuð kennslufræðinámskeið í fullorðinsfræðslu

í samræmi við nýja strauma og stefnur í kennslufræðum. Fjölsóttasta námskeiðið er Stiklur, grunnnámskeið með ýmsum undirstöðuþáttum árangursríkrar fullorðinsfræðslu ásamt skapandi kennsluaðferðum. Námskeiðið er í boði fyrir samstarfsaðila FA en einnig hefur það verið haldið fyrir aðra (sjá www.frae.is, námskeið).

Einnig eru fræðslufundir og sérsniðin námskeið á ýmsum sviðum kennslufræði í boði, t.d. dæmis um námsnálgun fullorðinna, um raunfærniat, um fjarkennslu með fjarfundarbúnaði og starfsþjálfanámskeið.

Samstarfsaðilum býðst aðgangur að gagnasafni og ráðgjöf hjá sérfræðingum FA. Gagnasafnið samanstendur af bókum, rafrænum gögnum og ýmsum kennslutækjum. Nú þegar er búið að kaupa um 400 nýlegar bækur og rit um ýmis svið fullorðinsfræðslu og töluvert af öðrum gögnum (sjá www.frae.is, bækur).

Enn eitt af verkefnum kennslufræðimiðstöðvar er að halda utan um tengslanet þátttakenda á námskeiðum og annarra samstarfsaðila og fá þeir boð á fræðslufundi o.fl. á vegum kennslufræðimiðstöðvar.

Það fer fram fræðsla af einhverju tagi á velflestum vinnustöðum og fyrirtækjum.

Þeir sem vilja fá ráð og upplýsingar geta fundið ýmislegt á vefsíðu okkar eða haft samband við okkur og leitað ráða.

ABSTRACT

One of the Education and Training Service Centre's many tasks is to build a centre for pedagogic knowledge in the field of adult education. For this purpose courses have been developed and taught and meetings have been held about various pedagogical issues for trainers and those who work at training institutions or training departments in the employment sector. Advice is also given and assistance with various projects and innovation in the training sector and a database is maintained for information on the various aspects of adult education.